

Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019040055

15. apríl 2019

Eiðsgrandi, hjólastígur frá Hringbraut að Seltjarnarnesi

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir göngu- og hjólastíg samsíða Eiðsgranda frá Hringbraut að sveitarfélagsmörkum Seltjarnarness í samræmi við samþykkt deiliskipulag og hjólreiðaáætlun Reykjavíkur.

Kaflinn er um 1 km langur og verður framkvæmdur í áföngum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir á um 500-600 m kafla sem liggur næst Seltjarnarnesi geti hafist í ár, þ.e. á þeim hluta sem ekki er gert ráð fyrir að styrkja þurfi sjóvarnargarðinn á. Áætlaður kostnaður við þann hluta er um 100 millj. kr. Gert er ráð fyrir að Vegagerðin greiði fyrir hluta kostnaðar í samræmi við samkomulag Reykjavíkurborgar og Vegagerðarinnar.

Nær Hringbraut, þar sem styrkja þarf sjóvarnargarðinn, mun hönnun og síðar framkvæmd taka mið af því.



Mynd 1 Úrklippa úr gildandi deiliskipulagi frá 16.3.2017.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála